

## AUGLÝSING

120

12. okt.

### um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar út af tekju- og eignarskatti álögdum utan Reykjavíkur, vera til 1. nóvember 1955.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

*Fjármálaráðuneytið, 12. október 1955.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

## REGLUR

121

14. okt.

### um félagsheimilið Skjólbrekku.

#### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Skjólbrekka í Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu. Lóðin er lögð til af eigendum Skútustaða, sem er þingstaður hreppsins. Lóðarstærð er um 5000 fermetrar. Eigendur félagsheimilisins eru Skútustaðahreppur að þrem fjórðu hlutum og U. M. F. Mývetningur að einum fjórða hluta.

#### 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Skal hún skipuð á þann hátt, er hér greinir: Tólf manna fulltrúaráð skipað 5 mönnum frá hreppsnefnd Skútustaðahrepps, þremur frá stjórn U. M. F. Mývetnings og fjórum mönnum kjörnum á almennum hreppsfundi til sama tíma og kjörtímabil hreppsnevndar nær, kys á árlegum aðalfundi 5 menn í húsnefnd. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimili hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

#### 3. gr.

Húsnefnd heldur fundi þegar þurfa þykir. Skyld er henni að halda fund, ef 2 nefndarmanna æskja þess.

Aðalfundur fulltrúaráðs eigenda skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara allir, sem sæti eiga í fulltrúaráði, og varamenn í forföllum. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram reksturs- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæmt sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðs. Gildir þetta jafnt um rekstursgjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal